

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/2648  
komudagur 2.6.2010

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Dags. 27.5.2010  
Tilv. 012/9518

**Varðar: Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga  
Þskj. 939 – 549. mál**

Veðurstofa Íslands fagnar því að lagt hefur verið fram frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga. Hingað til hefur skort skýra stefnumótun í þessum málaflokki og er innleiðing INSPIRE-tilskipunarinnar stórt skerf fram á við í þeim efnum.

Veðurstofan vill þó koma eftirfarandi á framfæri:

Í 1. gr. segir: „Markmið laga þessara er að byggja upp og viðhalda grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda ...“. Skilgreiningu á *grunngerð landupplýsinga* er að finna í 3. gr.: „Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum“.

Veðurstofa Íslands aflar, vinnur úr og varðveitir gögn um náttúrufar, þ.m.t. landbreytingar, sbr. lög nr. 2008/70. Það er mikilvægt að skýrt sé, með hliðsjón af þessu, hvað átt er nákvæmlega við í 16. gr. en þar segir að Landmælingum Íslands (LMÍ) sé falið að hafa umsjón með uppbyggingu á grunngerð landupplýsinga á Íslandi.

Ekki kemur fram í lagafrumvarpinu hver eigi að hafa með höndum eftirlitshlutverk með þeim þáttum sem það tekur til. Hér er um mikilvægt hlutverk að ræða sem þyrfti að tiltaka sérstaklega í lagatextanum. Í 9. gr. segir að LMÍ skuli hafa umsjón með framkvæmd laganna, en LMÍ er ennfremur helsti þjónustuaðili um grunngerð landupplýsinga. Á þessu er hnykkt í 16. gr. Í þessu ljósi telur Veðurstofan það skilvirkast, eðlilegast og í bestu samræmi við góða stjórnsýslu að þessu hlutverki verði komið í hendur annarra aðila en LMÍ.

Virðingarfyllt



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ